

Fundargerð aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 16. september 2016, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson (f.h. Grindavíkurbæjar), Friðjón Einarsson (f.h. Reykjanesbæjar), Sigrún Árnadóttir (f.h. Sandgerðisbæjar), Magnús Stefánsson (f.h. Sveitarfélagsins Garðs), Ásgeir Eiríksson (f.h. Sveitarfélagsins Voga), Brynhildur Kristjánsdóttir (f.h. Ferðamálasamtaka Reykjanes), Berglind Kristinsdóttir (f.h. Heklunnar), Hanna María Kristjánsdóttir (f.h. Þekkingarseturs Suðurnesja), Johan D Jonsson, Eggert Sólberg Jónsson og Þuríður H. Aradóttir. Magnea Guðmundsdóttir (f.h. Bláa Lónsins) boðaði forföll.

1. Skýrsla stjórnar

Róbert Ragnarsson fór yfir störf stjórnar sem tók til starfa á aðalfundi 18. september 2015.

2. Ársreikningur 2015

Ársreikningur 2015 lagður fram og samþykktur samhljóða.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun

Samþykkt að vísa vinnslu starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017 til stjórnar. Aðalfundur leggur áherslu á að sú stjórn sem nú tekur við leggi áherslu á innri markaðssetningu, aukinn sýnileika og að styrkja tengsl Reykjanes Geopark við samfélagið.

4. Tilnefning stjórnar

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir í stjórn í samræmi við 7. grein stofnsamþykktar félagsins:

- Kjartan Már Kjartansson af hálfu Reykjanesbæjar og Johan D Jonsson til vara
- Róbert Ragnarsson af hálfu Grindavíkurbæjar og Jón Þórisson til vara.
- Magnús Stefánsson og Guðjón Þ. Kristjánsson af hálfu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga og Ásgeir Eiríksson og Jónína Magnúsdóttir til vara.
- Berglind Kristinsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir og Magnea Guðmundsdóttir af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni og Hjálmar Árnason, Hanna María Kristjánsdóttir og Sverrir Guðmundsson til vara.

Samþykkt samhljóða.

5. Kosning endurskoðenda

Samþykkt að Íslenskir endurskoðendur ehf endurskoði reikninga félagsins.

6. Ákvörðun um greiðslu þóknunar til stjórnarmanna

Stjórn mun ekki þiggja laun þar til annað er ákveðið.

7. Ákvörðun um árgjald næsta árs

Róbert kynnti tillögu að framlögum til Reykjanes jarðvangs á árinu 2017. Aðalfundur samþykkir tillöguna og vísar til aðilarfélaga.

8. Önnur mál

Lagðar eru fram fjórar tillögur að breytingum á samþykktum félagsins.

Tillaga 1

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 3. grein samþykktu:

Tilgangur Reykjanes jarðvangs ses. er að vernda og nýta jarðminjar svæðisins í þágu sjálfbærrar þróunar og eflingu byggðarinnar. Þróuð verði jarðtengd ferðamennska á svæðinu (Geotourism) sem byggir á fræðslu um jarðminjar, samspil manns og nátturu, og útivist. Með öflugum samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stöðkerfis skal jarðvangurinn vinna að bættum búsetuskilyrðum og sköpun nýrra atvinnutækifæra. Félaginu er ætlað að vera aðili að European Geoparks Network.

Komi eftirfarandi málsgrein:

Tilgangur Reykjanes jarðvangs ses. er að vernda og nýta jarðminjar svæðisins í þágu sjálfbærrar þróunar og eflingu byggðarinnar. Þróuð verði jarðtengd ferðamennska á svæðinu (Geotourism) sem byggir á fræðslu um jarðminjar, samspil manns og nátturu, og útivist. Með öflugum samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stöðkerfis skal jarðvangurinn vinna að bættum búsetuskilyrðum og sköpun nýrra atvinnutækifæra. Félaginu er ætlað að vera aðili að **UNESCO Global Geoparks**.

Samþykkt samhljóða

Tillaga 2

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 7. grein samþykktu:

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur hún sér formann, ritara og gjaldkera. Ritari er jafnframt varaformaður stjórnar.. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar. Stjórn skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Komi eftirfarandi málsgrein:

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur hún sér formann **og varaformann**. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar. Stjórn skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Samþykkt samhljóða

Tillaga 3

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 7. grein samþykktu:

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra bera að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Komi eftirfarandi málsgreinar:

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra bera að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja ber ábyrgð á öllu almennu reikningshaldi auk þess sem hann ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar og ráðningu starfsmanna eftir því sem þörf þykir í samræmi við umfang starfsemi stofnunarinnar. Starfsmenn skulu skila mánaðarlegri framvinduskýrslu til framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélagsins um helstu verkefni og viðfangsefni. Framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja hefur rétt til setu á fundum stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.

Samþykkt samhljóða

Tillaga 4

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 9. grein samþykktá:

Starfsár og reikningsár er almanaksárið, 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 31. mars ár hvert. Ársfund skal halda fyrir lok maí ár hvert.

Komi eftirfarandi málsgrein:

Starfsár og reikningsár er almanaksárið, 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en **30. apríl** ár hvert. Ársfund skal halda fyrir lok **september** ár hvert.

Samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25.

Fundargerð ritaði: ESJ